



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun 2023 - 2024

Leikskólinn Seljakot & Leikskólinn Seljaborg



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglíngar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Innra og ytra mat leikskólans 2022-2023	8
3	Innra mat deilda	13
3.1.	Mýri	13
3.2.	Mói	17
3.3.	Ból	21
3.4.	Sel	23
3.5.	Kot	26
3.6.	Lundur	30
3.7.	Tjörn	32
3.8.	Lækur	36
4	Innra mat sérkennslu	39
5	Innra mat - fjöltyngd börn	40
6	Starfspróunarsamtöl og fræðsla	43
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	45
8	Foreldrasamvinna	47
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	49
10	Fylgigögn	50
10.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	50



1 Greinargerð leikskólastjóra

Enn á ný er komið að nýju starfsári. Eins og ávallt voru verkefni síðasta starfsárs fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg. Hefðbundin verkefni sem snúa að uppeldisstarfinu, rekstri leikskólanna, starfsmannahaldi og foreldrasamstarfi voru á sínum stað ásamt mörgum nýjum og óvæntum verkefnum.

Þegar þetta er skrifað hefur ekki enn verið sameinað Seljakot og Seljaborg en fjórða starfsárið er að hefjast undir okkar stjórn, mín og aðstoðaleikskólastjóra. Að stýra tveimur skólum er mikil áskorun og er það ósk okkar að tekin verði ákvörðun um sameiningu og flutning Seljaborgar á lóð Seljakots. Húsnæði Seljaborgar hefur þjónað sínum tilgangi, er löngu orðið barns síns tíma og hentar afar illa undir leikskólastarfsemi.



Að þessu sinni verður gefin út ein starfsáætlun fyrir báða leikskóla en ekki tvær eins og hefur verið. Þá telur undirrituð að það sé ráð að aðeins eitt foreldraráð sé



starfandi við þessa tvo leikskóla sem eru að öllum líkindum á leið í sameiningu. Þetta tvennt auðveldar alla vinnu í kringum starfsáætlunina og svo margt fleira.



Nokkuð vel hefur tekist að samræma leikskólastarfið í skólunum tveimur og höfum við gert ýmislegt til að svo megi verða. Allir skipulagsdagar eru til dæmis samræmdir og báðir skólar innleiða sama námsefnið og fara á sömu námskeiðin. Dagskipulag og áherslur í

starfinu er því mjög sambærileg milli skóla. Starfsmenn í Seljaborg og Seljakoti hafa kynnst enn betur á starfsárinu og höfum við gert ýmislegt okkur til skemmtunar til þess að hrísta hópinn saman.

Á vordögum fóru kennarar Seljakots og Seljaborgar í náms- og kynnisferð til Stokkhólms. Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér leikskólastarf og starfsemi efnisveitu. Náms- og kynnisferðin var í alla staði mjög vel heppnuð, skemmtileg og lærdómsrík. Skipulagið var til fyrirmyndar og allt gekk ákaflega vel.

Ferðanefndin sem var skipuð kennurum úr báðum skólum fær bestu þakkir fyrir skipulag og fararstjórn. Fyrir áhugasama er greinagerð um ferðina tilbúin.

Það er mikill mannaður í báðum leikskólum og mjög margir kennarar með langan starfsaldur og mikla reynslu. Áhersla hefur verið á að styrkja kennarahópinn í Seljaborg með því að ráða inn fleira fagfólk. Það er ljóst að verkefnið tekur tíma og þolinmæði áður en fullkomnum stöðuleika er náð. Eftir sumarfrí hófu tveir deildarstjórnar störf í Seljaborg, annar er kennaramenntaður og hinn með






Bs. gráðu í sálfræði. Að auki tók sérkennslustjóri til starfa í Seljaborg og er hún uppeldis- og menntunarfræðingur. Þegar þetta er skrifað hefur ekki enn tekist að ráða í allar lausar stöður en búið að vista inn í öll laus pláss.

Á næsta skólaári verða gerðar breytingar á aldursskiptingu deilda í Seljakoti. Breytingarnar fela í sér að Kot, Sel og Ból verða nú aldursblandaðar deildir í staðin fyrir aldursskiptar, líkt og hefur verið.

Með þessu fyrirkomulagi raðast börn fædd 2018 og 2019 í Kot, Sel og Ból. Ástæða þessara breytinga er fjöldi barna fædd 2018 og 2019 en þessir fjölmennu árgangar koma ekki til með að rúmast á einni deild. Við þessar breytingar eykst samvinna milli þessara þriggja deilda. Þessi sama breyting átti sér stað fyrir ári síðan á eldri deildunum í Seljaborg, þ.e. í Tjörn og Læk og hefur reynst vel.

Það gengur vel að mæta starfið og aðlagast nýju og breyttu húsnæði í Seljakoti. Við erum að tileinka okkur ný heiti yfir kubba- og málörvunarsvæðið sem heitir núna *Miðjan*, listasmiðjan *Smiðjan* og hreyfisalurinn heitir *Iðjan*. Það fer



ákaflega vel um alla í Seljakoti,
bæði kennara og börn og
sérstaklega ber að nefna góða
hljóðvist og gott starfmannarými.

Það er sterk hefð fyrir því að
kennarar sækja nám við HÍ
samhliða vinnu. Síðastliðið vor
útskrifaðist einn kennari í
Seljakoti með meistaragráðu í
leikskólakennarafræðum. Á næsta starfsári verða sex kennarar í námi, tveir í
Seljaborg og fjórir í Seljakoti. Þar af eru fjórir í leikskólakennarafræðum, einn í
grunnskólakennarafræðum og einn í forkröfunámi í talmeinafræði.

Á vorönninni tókum við á móti tveimur nimum í vettvangsnám frá HÍ og er það
alltaf lærdómsríkt og gefandi að taka á móti nimum.

Hér er aðeins fátt eitt upp talið og fer undirrituð, eins og ávallt, jákvæð og
bjartsýn inn í nýtt starfsár.

Sigríður Kristín Jónsdóttir
leikskólastjóri



2 Innra og ytra mat leikskólans 2022-2023

Innra mat

Það var mikil ánægja og frelsi sem fólst í að hefja leikskólastarfið án takmarkanna, það kunnum við svo sannarlega að meta eftir tvö ár í heimsfaraldri. Að stjórna tveimur skólum getur verið flókið og mikil áskorun. Við stjórnendur settum okkur það markmið að reyna að lágmarka álagið og reyna að finna farsæla leið við að samþætta starfið í báðum skólum, skipta með okkur verkum, skipta með okkur viðveru á báðum starfstöðvum en að gefa okkur samt rými til að vinna saman. Það gekk vel að uppfylla þessi markmið en teljum við samt sem áður mikilvægt að sameining skólanna verði sem fyrst og að starfstöðin verði ein en ekki tvær. Það minnkar álag og léttir störf stjórnenda verulega.



Ákveðið var að halda áfram að taka inn námsefni sem nýtist í starfi beggja skóla og styrkja starfsmannahóp Seljakots og Seljaborgar í félagsfærni og vellíðan allra barna. Námsefnið sem varð fyrir valinu var *Verkfærakista fyrir leikskólakennara á vegum KVAN* og samanstóð af sex skiptum sem raðaðist meira og minna niður á skipulagsdagana.

Námskeiðið snýr að því að efla og styrkja félagsfærni, samkennd og samskipti í barnahópnum. Að loknu námskeiði ætti fagfólk að hafa öðlast verkfæri til að bera kennsl á og vinna með einstaklinga sem eiga í félagslegum vanda annars vegar og hópa sem glíma við samskiptavanda hins vegar. Dæmi um aðferðir og verkfæri sem kennarar læra á námskeiði Verkfærakistunnar eru vináttupjálfun,



notkun innri hvata, jákvæð leiðtogaþjálfun, afleiðingaaðferðin, vinna með gerendum, samvinnuleikir og samvinnuverkefni, reiðistjórnun, félagsfærniþjálfun og hópefli. Námsefnið var tekið inn í smáum skrefum síðastliðið starfsár og prufukeyrt í heild sinni á vordögum. Á þessu starfsári verður **Verkfærakistan** aðlöguð og innleidd í starf beggja skóla. Markmiðið er að vel gangi og að þetta frábæra námsefni festi sig í sessi í Seljaborg og Seljakoti.

Markmið var að samræma vinnulag í fjölmenningu í báðum skólum. Það tókst að nokkru leiti og hittust verkefnastjórnarnir og báru saman bækur sínar, sóttu námskeið og samræmdu vinnuna. Ekki náðist að marka málstefnu leikskólanna né að eiga það samtalið við kennarahópinn.

Verkefnastjóri fjölmenningar í Seljaborg tók að sér deildarstjórstöðu samhliða verkefnastjórstöðunni. Hún fór síðan í fæðingarorlof í desember. En betur má ef duga skal, markmiðið er að ljúka við gerð málstefnu Seljakots & Seljaborgar á haustönn 2023 og innleiða hana á starfsárinu.



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stjórnun á tveimur starfstöðvum. Að fá betra flæði í starf okkar, ná að setja niður skipulag um hvenær við vinnum saman og í sitthvoru lagi.	Hittast tvisvar á önn. Setja upp skipulag. Prufukeyra og endurmeta með 8 vikna millibili	Sigríður og Ragnheiður	Þrátt fyrir að við hefðum ekki gert þetta nægilega markvisst hefur skapast hefð fyrir starfsháttum og skipulagið er orðið þannig að við náum að sinna þeim verkefnum sem til falla á báðum starfsstöðum með fullnægjandi hætti.
Verkfærakista leikskólakennara Fá inn námsefni til þess að efla kennara í að þekkja samskipta og félagsvanda barna, takast á við hann bæði fyrir einstaklinga og hóp barna.	Á deildarstjóra fundi að síðasta námskeiðis degi loknum. Samtal, skoðun milli deilda og framhald.	Stjórnendur, starfsmenn	Að kennarar hafi öðlast verkfæri til að bera kennsl á og vinna með börn og hópa barna í félagslegum vanda eða samskiptavanda. Gekk vel og munum nýta komandi vetur til frekari innleiðingar og aðlögunar.
Fjölmening og málstefna Að samræma vinnulag í fjölmeningu og skapa málstefnu fyrir leikskólana Seljakot og Seljaborg	Að faghópur Seljakots og Seljaborgar hittist og samræmi vinnulag varðandi fjölmeningu og skapi sér málstefnu	Kristín Mar og Brynja	Að allir fagmenn skólanna séu meðvitaðir um hlutverk verkefnastjóra fjölmeningar og sitt eigið í málefnum fjölmeningar. Að gerð hafi verið málstefna sem kynnt hafi verið öllu starfsfólki skólanna.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorfskönnun foreldra á vegum Skóla- og frístundasviðs	Rafræn spurningakönnun	Foreldrar í Seljakoti og Seljaborg	Á heildina litið var mikil ánægja með leikskólastarfið. Kvarðinn er 1- 5. Heildar ánægja í Seljakoti er 4,67. Heildaránægja í Seljaborg er 4.07 Á stafsárinu fer fram kynning og greining á niðurstöðum meðal kennara.
Viðhorfskönnun starfsmanna á vegum Reykjavíkurborgar	Rafræn Spurningarkönnun	Starfsmenn í Seljakoti	Almenn ánægja í nánast öllum þáttum starfsins. Skorið var hátt í flestum þáttum sem spurt var um. Kvarðinn er 1 -5. Það sem skoraði undir 4. snýr að launakjörum og álagi. Á stafsárinu fer fram kynning og greining á niðurstöðum meðal kennara.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
-----------------------------	---------------------	---------------------	--------	-------	-------	-----------------------------------	-------------------

Uppeldis- og menntastarf

Samræmt skólastarf	Sambærilegt uppeldistarf í Seljakoti og Seljaborg	Innleiða Orðaspjall í Seljaborg. Að fagfólk sæki réttindanámskeið til að meta þroska barna t.d. Hljóm2, Efi2 og fleiri matslista.	Stjórnendur bera ábyrgð. Deildarstjórar og sérkennslustjóri í Seljaborg framkvæma	Sep 23	Maí 24	Safna gögnum. Skrá á námskeið og skipuleggja á stjórnendafundum.	Að fagmenntaðir starfsmenn hafi náð að sækja námskeið og innleiða þekkinguna á starfsárinu.
--------------------	---	---	---	--------	--------	--	---

Stjórnun/ Mannauður

	Að styrkja kennarahópinn í Seljaborginni	Ráða inn fleira háskólamenntaðstafsfólk m/menntun sem nýtist í stafi og vinna að stöðuleika í kennarahópnum	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Sep 23	Maí 24	Auglýsa áhugaverðar stöður	Sterkur, stöðugur og ánægður starfsmannahópur
--	--	---	--	--------	--------	----------------------------	---

Innra mat

	Fari fram reglulega yfir starfsárið	Innra matið leiðir til umbóta og endurskoðunnar í stafinu	Allir stjórnendur	Sep 23	Maí 24	Gátlistar menntastefnunnar á deildarfundum og skipulagsdögum	Viðmið starfsáætlunar
--	-------------------------------------	---	-------------------	--------	--------	--	-----------------------



3 Innra mat deilda

3.1. Mýri

Skólaárið 2022 - 2023 voru 14 börn í Mýri, níu fædd 2019 og fimm fædd 2020. Barnahópurinn í Mýri var töluvert eldri en verið hefur og var það nokkur áskorun fyrir kennara deildarinnar en okkur tókst vel til að aðlaga starfið að eldri hóp.



Það voru aðeins þrjú börn sem hófu aðlögun um haustið, aðlögunin gekk hratt og vel fyrir sig og nýju börnin voru fljót að aðlagast barnahópnum sem fyrir var. Því var farið snemma af stað með skipulagt starf og var aðaláhersla haustsins samverustundir, frjáls leikur og útivera. Eftir áramót byrjaði Flakk aftur og voru börn og starfsfólk ánægð með það. Það voru allir spenntir að velja sér stöðvar og gaman að prufa að fara og kanna nýjar deildir.



Félags og tilfinningavitund: Vináttuverkefnið Blær hefur náð góðri festu á deildinni en í vetur var bangsinn Blær ekki mikið notaður framan af en myndefni úr verkefninu nýttist mjög vel.

Það var mikið rætt um tilfinningar í samverustundum og við lestur bóka var rætt um hvaða tilfinningar bókapersónurnar voru að upplifa. Vináttuverkefnið er

mjög gott til að hjálpa börnum að þekkja sínar eigin tilfinningar og bera virðingu fyrir tilfinningum og upplifun annarra.

Í vetur fór starfsmannahópurinn einnig á námskeiðið Verkfærakista fyrir leikskólakennara hjá KVAN og vorum við þar að læra aðferðir til að efla félagsfærni og samskipti barna. Við æfðum okkur í að nota þessar aðferðir og hlakkar okkur til að dýpka okkur í þeirri vinnu og tengja saman Blæ og KVAN.



Málörvun: Mikil áhersla hefur verið lögð á málörvun í vetur og byrjuðum við strax í upphafi skólaárs. Allir kennarar á deildinni voru meðvitaðir um að tala mikið við börnin, spyrja spurninga og setja orð á athafnir og hluti. Samverustundirnar voru vel nýttar og nýttust til þess að æfa rím og að setja saman orð. Við notuðumst við Orðaspjallsaðferðina og einnig sungum við mikið, lásum sögur, spiluðum og nýttum salinn þar sem málörvun blandaðist hreyfingunni.



Í orðaspjalli vorum við að leggja inn orð vikunnar sem kom úr bók vikunnar. Við útskýrðum orðið og reyndum að nota þau í daglegu tali. Þetta er frábrugðið því sem við höfum gert áður því börnin voru eldri í ár og tók starfið mið að því. Á vorönn var farið í að skima með TRAS málþroskaskimun og tvisvar var frásagnafærni barnanna skoðuð. Einnig var EFI-2 lagt fyrir öll börnin sem voru á 4. ári.

Hreyfing: Markvissar hreyfistundir voru í Iðjunni á þriðjudögum. Þar var farið í



margskonar leiki og þrautabrautir sem reyndu á jafnvægi og hreyfifærni. Í öllum stundunum voru notuð ýmis hugtök svo sem hratt, hægt, fast, laust, heiti líkamshluta svo eitthvað sé nefnt.

Að auki varið farið í leiki sem reyndu á félagsfærni, samvinnu og samskipti.

Börnunum þótti oft erfitt að setja sig í spor annara í fyrstu en með aukinni æfingu varð það auðveldara. Með vorinu var farið í vettvangsferðir.

UMBÓTA- PÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félags- og tilfinningavitund	Að efla félags- og tilfinningaþroska barna með áherslu á vináttu og samkennd	Samverustundir/frjáls leikur Gera verkefni frá Verkfæra-kistunni sem eflir félagsfærni, samskipti og liðsanda. Myndræn gögn um vináttu og tilfinningar. Dagleg samskipti með áherslu á virðingu, jafnræði og vinsemd. Skráning gerð sýnileg börnum og kennurum.	Edda Björg	Sep 2023	Mái 2024	Gögnum safnað saman með uppeldisfræðilegri skráningu: ljósmyndir, orð og setningar skráðar ásamt atferli. Umræða á deildarfundum	Að börnin þekki grunn-tilfinningarnar: reiður, glaður, leiður og hissa. Börnin öðlist vitund um að aðrir hafa tilfinningar og að þau sjálf hafi áhrif á tilfinningar annarra. Að börnin öðlist betri félagsfærni og tileinki sér virðingu í samskiptum.
Málörvun	Að börnin efla málfærni sína og eflist í samskiptum	Orðaspjallsaðferð samhliða markvissri málörvun með bókalestri, samræðum og málörvunarspilum Virkt samskipti kennara við börn í gegnum leik og starf.	Hulda Karen	Sep 2023	Mái 2024	TRAS Málþroskaskimun fyrir börn á þriðja aldursári EFI-2 lagt fyrir á 4. aldursári. Alhliða málþroski metinn 3x á árinu með	Að tveggja ára börn hafi tók á tveggja orða setningum, hafi áhuga á samskiptum og sýni bókum áhuga. Að börn geti tjáð þarfir sínar og langanir með sínum hætti ásamt því að geta átt í



		Lubbi finnur málbein, máhljóð gerð sýnileg á veggjum deildarinnar.				<p>skráningu á orðaforða, setninga-skipan og frásagnar-færni</p> <p>Regluleg skráning á samskiptum barnanna og hvaða tjáningar form þau nota</p>	félagslegum samskiptum við jafnaldra.
Hreyfing	<p>Að efla hreyfifærni barnanna og líkamsvitund bæði úti og inni.</p> <p>Að auka fín-og grófhreyfingar.</p> <p>Að auka samhæfingu líkamshluta.</p> <p>Að auka gleði, vellíðan.</p> <p>Að auka hugtakaskilning og rúmshyggju.</p>	<p>Förum einu sinni í viku í hreyfisalinn.</p> <p>Koma til móts við hreyfipörf barna í gegnum skipulagða hreyfingu.</p> <p>Búa til skipulagðar hreyfistundir til að framkvæma í sal.</p>	Karen Jóna	Okt 2023	Máí 2024	<p>Gögnum safnað með uppeldisfræðilegri skráningu.</p> <p>Deildarfundir, umræður um hreyfistundirnar, hvað gengur vel og hvað má bæta.</p>	<p>Að börnin efli hreyfifærni sína.</p> <p>Að börnin læri heiti á helstu líkamspörtum ásamt því að þekkja algeng hugtök sem tilheyra hreyfingu.</p> <p>Að börnin læri að fara eftir fyrir fram ákveðnum reglum í hreyfileikjum og hreyfistundum.</p>
Sköpun	Hlusta eftir hvar áhugasvið barnanna liggur og hjálpa þeim að dýpka sig þar.	<p>Skráning.</p> <p>Virk hlustun.</p> <p>Auðvelda aðgengi barnanna að fjölbreyttum efnivið.</p>	Virginia	Okt 2023	Máí 2024	<p>Gögnum safnað með skráningu.</p> <p>Deildarfundir, umræður, hvað gengur</p>	<p>Að börnin fái tækifæri til að skapa á sem fjölbreyttasta hátt.</p> <p>Að börnin fái tækifæri til að nota fjölbreyttan</p>



	Nota skráningu til að skrá niður hugmyndir og vinnu barnanna.					vel og hvað má bæta.	efnivið í sköpun sinni. Virkja áhugahvöt barnanna, veita þeim tækifæri til að vinna að því sem þau hafa áhuga á og styðja þau á þeirri leið sem þau velja.
--	---	--	--	--	--	----------------------	---

3.2. Mói

Skólaárið 2022 - 2023 voru 14 börn í Móa, átta börn fædd 2019 og sex börn fædd 2020. Aðlögun gekk vel og börnin voru fljót að aðlagast og finna til öryggis í umhverfi leikskólans. Vinátta, traust og samvinna myndaðist fljótt á milli barnanna.

Í haust var unnið mikið með árstíðarbundinn efnivið, s.s. laufblöð, tré, prik og greinar sem við skoðuðum og rannsökuðum úti og inni. Starfið einkenndist af frjálsum leik, samverstundum,



útiveru, hópastarfi og hreyfistundum í Iðjunni. Þar voru m.a. stundaðar æfingar, fjölbreyttir leikir og þrautabrautir sem efla jafnvægi, auka hugtakaskilning og virka hlustun. Inni á deild var lögð áhersla á frjálsan leik þar sem börnin léku með og höndluðu efnivið á þeirra áhugasviði og höfðu þannig áhrif á daglegt starf og námsferli.

Eftir áramót bættist Flakk í starfið þar sem börnin og starfsfólk fóru á milli deilda leikskólans og völdu stöðvar. Börnin tóku þessum breytingum með þryði og urðu mjög sjálfstæð við að velja svæði samkvæmt áhuga þeirra.





Málörvun: Við vinnum töluvert mikið við að efla mál barnanna í frjálsum leik, í smærri hópum og í samverustundum. Söngvar, þulur, leikur/spil, sögur og bækur voru (eru) stór hluti af starfinu. Fjölbreyttur orðaforði var lagður inn og skráningar og myndræn gögn notuð til að útskýra orðin. Unnið var með töluvert af afstöðuhugtökum og orðaforða, útskýrt og orðin leikin. Starfsfólk er meðvitað um lykilhlutverk okkar; að efla málþroska

barnanna. Opin samskipti gerðu okkur færnt að minna hvert annað á að t.d. nota opnar spurningar í samskiptum við börnin.

Lýðræði: Við teljum að við höfum náð að festa lýðræði í starfi. Börnin taka þátt í að móta námsumhverfi sitt og hafa áhrif á daglegt starf. Efniviður og leikefni eru aðgengileg og börnin eru spurð reglulega um hvað þau vilja gera/ leika með og á þau var (er) hlustað.

Félagsfærni: Mikið hefur verið talað um tilfinningarnar og börnin eru meðvituð um eigin tilfinningar sem og annara. Til að nefna dæmi; þegar börnin voru að skoða bók, tóku þau eftir og töluðu um hvort fólkið á myndunum var glatt eða reitt. Foreldrar tóku einnig eftir hvað börnin voru dugleg að tala um tilfinningar sínar heima.

Í heildina teljum við að starfið á þessu skólaári hafa gengið mjög vel. Við höfðum fengið jákvæða endurgjöf frá foreldrum barnanna, bæði í foreldrasamtölum og í daglegum samskiptum okkar. Þau tóku eftir því sem við vorum að gera og ræða í leikskólanum, m.a. auknum orðaforða, Lubba, og tilfinninga- og

félagsfærniæfingar voru að skila sér heima fyrir. Við getum sagt að samskipti okkar séu byggð á trausti og virðingu, og að fólki finnist sem það tilheyri. Við starfsmenn í Móa erum ánægð í starfi. Það var gefandi að fá endurgjöf frá foreldrum barnanna okkar um að það sem



við gerum/ræðum í starfinu er að skila sér heima fyrir. Við ætlum að halda áfram að skapa umhverfi sem einkennist af opnum og beinum samskiptum, tilfinningunni fyrir trausti og að tilheyra.

UMBÓTA - ÞÁTTUR/ MATSPÁ TTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að efla samkennd	Verkfærakistan KVAN Vináttupjálfun (verkefnabók) Dagleg samskipti. Tilfinningaspjöld úr vináttuverkefni Barnaheilla. Sögur.	Tinna	Jan 2024	Mái 2024	Skráningar myndir, ásamt atferli barnanna í starfi.) Deildafundur Samræður við börnin	Börnin finna, sjá eða taka eftir félögum sem vantar hjálp eða líður ekki vel. Börnin sækja/hugga (t.d. Blæ) að eigin frumkvæði. Börnin læra að þiggja eða hafna hjálp. Börnin læra að virða mörk annarra.



Sköpun	<p>Að hlusta/svara áhuga barnanna.</p> <p>Að nota skráningar til að þróa hugmyndir barnanna.</p>	<p>Umræður um skráningar.</p> <p>Virk hlustun - kennari og börn</p> <p>Virk áhrif barna í daglegu starfi - spurt um hvað þau vilja vinna/leika með.</p> <p>Hugtök og orðaforði lagður inn og útskýrt á einfaldan hátt.</p> <p>Aðgangur að fjölbreyttum efnivið.</p> <p>Dagleg samskipti.</p> <p>Hópastarf/frjáls leikur.</p>	Ana	Sept 2023	Maí 2024	<p>Deildarfundur</p> <p>Skráningar skoðaðar reglulega og umræða um það sem varðar innihaldið.</p> <p>Samræður við börnin.</p> <p>Ígrundun um starfið.</p>	<p>Daglegt starf spegli sem mest áhuga barnanna.</p> <p>Börnin hafa tækifæri til að prufa/æfa sig í að nota fjölbreyttan efnivið.</p> <p>Börnin hafa tækifæri til að höndla efnivið, búa til, skapa og hanna það sem þau eru að fást við.</p>
Málörvun	<p>Að börnin bæti við orðaforða og skilning.</p> <p>Að efla samskiptafærni.</p>	<p>Lubbi/Orðaspjall</p> <p>Myndræn gögn.</p> <p>Lestur, söngvar, þulur, leikir/spil.</p> <p>Virk hlustun.</p> <p>Hópastarf/Samvera</p> <p>Nægur tími og ró.</p> <p>Dagleg samskipti/starfi</p>	Katrín/Jóhanna	Sept 2023	Maí 2024	<p>Deildarfundur</p> <p>Skráningar skoðaðar.</p> <p>Ígrundun og umræður um starfið.</p>	<p>Kennari meðvitaðri um eigin samskipti við öll börn.</p> <p>Börnin þekkja orð um hlutina í Lubba kassanum.</p> <p>Börnin taka þátt að syngja Lubba söngva.</p> <p>Börnin kynnast táknum og hljóðum stafanna.</p>



3.3. Ból

Leikskólaárið 2022 - 2023 voru 20 börn í Bóli fyrir áramót og 21 eftir áramót, 19 voru fædd árið 2017 og tvö árið 2018.

Haustið fór vel af stað með ferð í Grasagarðinn þar sem við tókum þátt í verkefninu „sofnað að hausti og vaknað að vori“. Við sóttum alla viðburði sem okkur var boðið á, líkt og leikhús, tónleika og söfn. Hópnunum var skipt í tvo hópa og fóru þau í hópastarf einu sinni í viku. Þar var áhersla lögð á málörvun og hljóðkerfisvitund.

Orðaspjall er komið til að vera og höfum við unnið með fjögur orð á viku á þessu skólaári. Í Iðjunni bættum við leikjum úr Verkfærakistu KVAN. Þar er áhersla lögð á eflingu félagsfærni í gegnum hópleiki.

Eftir áramót bættist Flakk við starfið. Þar fóru börn og starfsfólk á milli svæða í leikskólanum tvisvar í viku fyrir hádegi.



Börnin fóru einnig í heimsóknir í grunnskóla hverfisins og héldu áfram að sækja sýningar og tónleika sem þeim var boðið á ásamt því að heimsækja Alþingishúsið.

Börnin unnu að lokaverkefni sínu um vorið en hvert barn samdi ljóð og málaði og saumaði út mynd frá ljóðinu á lérefit. Við útskrift fluttu þau ljóðið og sýndu verkið sitt við mikla

hrifningu foreldra/forráðamanna og annara ættingja. Í júní var síðan farið í útskriftarferð í Viðey.

Leikurinn: Þetta skólaárið var áhersla lögð á að efla frjálssa leikinn. Það gekk vel og voru börnin dugleg að leika og skiptast á og deila. Kennarar voru vakandi að fylgjast með og koma inn í ef þess þurfti.

Útinám: Einu sinni í viku var farið í íþróttir í Seljaskóla. Á leiðinni þangað var farið yfir umferðarreglur og stoppað við leikvelli eða í Hólmaseli og skoðað náttúruna í öllum árstíðum. Áætlað er að halda áfram að skoða nærumhverfið, náttúruna og umferðarfræðslu næsta skólaár.

Lubbi: Haldið var áfram að innleiða Lubba inn í daglegt starf og var eitt máhljóð lagt inn í hverri viku. Við heyrum að Lubbastundir eru að skila sér og sýndi það sig í Hljóm2 athugunum. Næsta vetur verður bætt inn fleiri verkefnum tengdum Lubba.



UMBÓTA PÁTTUR/ MATSPÁ TTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Áb yrg ð	Hefs t	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Útinám	Að börnin kynnist náttúrunni og umhverfinu	Reglulegar ferðir um nágrennið í tengslum við göngutúr í íþróttir í Seljaskóla, farið á leiksvæði og börnum kenndar umferðarreglur	Hól mf ríð ur	sept 2023	Maí 2024	Á deildarfundum og með mati hjá börnunum	Að börnin fræðist um nærumhverfi sitt, náttúruna og umferðina.



Verkfæra kistan	Að styrkja félagsfærni og samvinnu	Nýta verkfærafestu KVAN í Iðju þar sem farið er í æfingar og leiki sem efla færni í samskiptum og samvinnu.	Kristín Sólveig	Sept 2023	Mái 2024	Á deildarfundum og með mati hjá börnunum. Myndrænar skráningar	Að börnin eflist í félagsfærni og vináttu.
Lubbi	Efla málþroska og máltílfínningu	Halda áfram að innleiða Lubba í daglegt starf og skiplagðar málörvunarstundir. Rifja upp það sem er lært og bæta við nýjum verkefnum.	Kristín Mar	Sept 2023	Mái 2024	Á deildarfundum og skipulagsdögum	Börnin hafi lært máhljóðin í lok skólaárs.

3.4. Sel



Leikskólaárið 2022 - 2023 voru 16 börn í Seli, 14 fædd árið 2018 og tvö fædd árið 2019. Fáar breytingar urðu á barnahópnum þetta skólaárið og voru einungis tvö börn sem hófu aðlögun um haustið. Haustið fór vel af stað og var áhersla lögð á hópastarf, samverustundir, útiveru og frjálsa leikinn. Lögð var mikil áhersla á sköpun og sjálfstæða hugsun og var það m.a. gert með því að veita börnum tækifæri á að koma með hugmyndir og

útbúa sínar eigin jólagjafir fyrir forráðamenn. Í hópastarfi var börnunum skipt í þrjá minni hópa og fór hópastarfið fram einu sinni í viku. Hreyfistundir voru



einnig einu sinni í viku og áttu sér stað í Iðjunni okkar. Stundirnar einkenndust af jóga, æfingum, þrautabrautum, fjölbreyttum leikjum og frjálsum leik. Í heildina litið gekk starfið vel þetta skólaárið.

Sjálfs hjálp: Það var ávallt lögð mikil áhersla á sjálfs hjálp barnanna í öllu daglegu starfi.

Börnin voru hvött að prófa sig áfram við margvíslega aðstæður. Sjálfs hjálp í fataherbergi og matmálstímum gekk vonum frammar. Börnin öðluðust færni við að bjarga sér í daglegum athöfnum í leikskólanum og

teljum við það hafa náð góðri festu í starfinu sem fram fer í leikskólanum.

Vettvangsferðir: Strax í upphafi haustsins hófust vettvangsferðir þar sem að helmingur barnanna fór hverju sinni í ferðir einu sinni á viku. Veturinn var fremur kaldur og stundum var ekki hægt að fara út. Börnin nutu sín við að kanna og ígrunda nærumhverfið sitt. Þau fengu tækifæri til að rannsaka og eiga samræður um nærumhverfið og náttúruna. Vettvangsferðirnar voru árangursríkar og hafa náð góðri festu í starfinu.



Málörvun: Kennarar voru og eru meðvitaðir um að eiga tjáskipti við börnin og spyrja opnar og leiðandi spurningar bæði í leik og daglegu starfi í leikskólanum. Samverustundir voru 2-3 sinnum á dag. Í þeim var m.a. sungið, farið í leiki, lesnar bækur, vinastundir o.fl. Í samverustundum var börnunum skipt í tvo hópa til þess að skapa meira rými og ró. Lubba- og orðaspjallsstundir áttu sér



stað tvisvar sinnum í viku. Málhljóð og orð vikunnar voru lögð inn í hverri viku með því að rýna í myndir og ræða um málhljóð vikunnar, Lubba lögin sungin samhliða hreyfingar laganna, orð vikunnar útskýrð og samræður um orðin áttu sér stað. Að auki var reynt að nota orðin í daglegu starfinu sem fór fram í leikskólanum. Þá var einnig reynt eftir bestu getu að samtvinna rím með málhljóði vikunnar, þ.e. skoða orð sem byrja á málhljóði vikunnar og æfa orð sem ríma við orðið. Málhljóðin og orð vikunnar voru síðan gerðar sýnilegar fyrir börn, foreldra og kennara á veggjum deildarinnar.

UMBÓTA - PÁTTUR/MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að börnin eflast í samskiptum og byggi upp sjálfstraust.	Vinastundir 1x í viku. Stuðst verður við verkfærakistu frá KVAN og vináttuverkefnið Blær	Sara	Sept 2023	Maí 2024	Greiningarvinna og áætlanagerð ígrunduð og metin á 6 mánaða fresti.	Að börnin öðlist sjálfstæði og þrói með sér jákvæð félagsleg tengsl við önnur börn og fullorðna.
Útinám	Börnum veitt tækifæri til að kynnast betur nærumhverfi leikskólans. Að auki er áhersla lögð á að börnin öðlist færni í umhverfislæsi og rýmisgreind.	Farið verður 2x í viku í vettvangsferðir þar sem að helmingur barnanna fer annan daginn og seinni helmingurinn fer hinn daginn.	Anna Steinunn	Septembar 2023	Maí 2024	Uppeldisfræðilegar skráningar og Demantaaðferð.	Að börnin fái tækifæri til þess að læra á umhverfi sitt, heilsu og auki úthald. Einnig að þau eflast í að taka sameiginlegar ákvarðanir en þannig fá þau tækifæri til að rannsaka, eiga samræður um náttúruna og umhverfið.



Málörvun	Að börnin efli hljóðkerfisvitund, orðaforða, frásagnarhæfni og sögugerð	Sögustundir og/eða samverustundi r. Áherslan lögð á bóklestur, Lubbi finnur málbein og Orðaspjallsaðferðina. Unnið verður markvisst með orðin, rím, frásagnarhæfni og sögugerð. Virkt samskipti kennara við börn í gegnum leik og daglegt starf.	Anna Björg	Sept 2023	Maí 2024	EFI-2 málþroska-skimun og TRAS sem er framkvæmt með 6 mánaða millibili. Orðaspjalls-orðin og Lubbi finnur málbein máhljóð hverrar viku gerð sýnileg fyrir börn og foreldra.	Börnin efli orðaforða og orðasambönd ásamt því að öðlast frekari færni til þess eiga félagsleg samskipti við önnur börn sem og fullorðna.
-----------------	---	--	------------	-----------	----------	--	---

3.5. Kot

Í Koti voru 19 börn í vetur, 12 börn fædd árið 2018 og sjö börn fædd árið 2019. Aðlögun gekk vel. Við lögðum áherslu á að börnin finndu fyrir stöðugleika og rútínu sem veitti þeim auknið öryggi. Myndrænt dagskipulag



hjálpaði mörgum börnum deildarinnar og daglegar samverustundir. Frjálsi leikurinn er alltaf í öndvegi því það er aðalnámsleið barnanna.

Í byrjun vetrar var börnunum skipt í tvo hópa og völdu börnin í sameiningu nöfn á hópana, Tígrisdýrahópur og Úlfahópur. Á fimmtudögum vorum við með Iðju, Smiðju og spil. Hóparnir skiptust á að fara í hreyfingu í Iðju, listsköpun í Smiðju





og spila í Koti, þessir dagar hafa vakið mikla tilhlökkun og gleði meðal barnanna. Flakk byrjaði svo eftir áramót eftir langt hlé og gafst börnunum gott tækifæri til að flæða um leikskólann og verða öruggari innan veggja leikskólans.

Málörvun/orðaspjall: Lubbastundir/orðaspjall hafa verið einu sinni í viku í vetur og erum við ánægð með hversu vel hefur gengið með þessar stundir. Þar var lagt inn nýtt máhljóð í

hverri viku ásamt orðum vikunnar. Máhljóðin og orð vikunnar voru gerð sýnileg á veggjum deildarinnar og á hurð í fataklefa þar sem umræðugrundvöllur skapaðist fyrir foreldra og börnin. Við viljum halda áfram með málörvun og orðaspjall á komandi vetri því við sjáum hversu góða raun þessar stundir gefa börnunum og viljum við halda áfram að þróa þessar stundir og dýpka okkur enn meira í málörvun og orðaspjalli. Við viljum skoða markvissara bókaval í sögustundum og færa Lubba enn meira inn í daglegt starf.

Félagsfærni og vinátta: Vinastundir voru einu sinni í viku, þar var hlustað á vináttulög, lesnar sögur tengdar vináttu og skoðuð tilfinningaspjöld til að skapa umræðugrundvöll. Í þessum stundum er notast við vináttuverkefni Barnaheilla, bækur um vináttu og verkfærakista KVAN. Þessar stundir viljum við halda áfram með og þróa þær enn



frekar. Börnin hafa eflst mikið í að ræða tilfinningar sínar og samskipti barnanna á milli hafa tekið framförum.

Vettvangsferðir/hreyfistundir:

Vettvangsferðir voru farnar um nærumhverfi leikskólans á mánudögum fram að áramótum og hreyfistundir í Iðju á fimmtudögum. Eftir áramót urðu

breytingar í starfi og voru vettvangsferðirnar ekki eins markvissar.

Hreyfistundir í Iðju voru markvissar í allan vetur og eftir áramót voru leikir úr Verkfærakistu Kvan innleiddir í hverri viku. Við erum mjög meðvituð um hversu mikilvæg hreyfing er börnunum og hreyfistundir, vettvangsferðir og dagleg útivera partur af starfi okkar.



UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Áby rgð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Að auka samskipta-færni, skilning og orðaforða barnanna.	Lestur bóka, söngvar, spil. Orða-spjall veljum 1-2 orð í viku. Rætt við börnin reglulega um merkingu orðanna í daglegu starfi. Lubbi finnur málbein, tengja Lubba meira inn í starfið.	Guðr ún.	Sep t 202 3	Maí 202 4	EFI-2 málproska-skimun og Tras - skráning á málproska barna. Deildarfundir og samræður við börnin.	Að skilningur, tjáning og orðaforði aukist.



Félagsfærni	Styrkja samskipti í barna-hópnum.	Vináttuverkefnið Blær, umræður um vináttu og tilfinningar. Vinastundir einu sinni í viku og umræður í daglegu starfi. Kvan fléttað inn í vinastundir og hreyfistundir.	Erna Karen	Sep t 2023	Maí 2024	Umræður á deildarfundum og samtöl við börnin.	Að börnin séu meðvituð um tilfinningavitund og geti tjáð eigin líðan og sýni samkennd með öðrum.
Hreyfing	Efla hreyfiproska og skynjun á umhverfið.	Vikulegar stundir þar sem unnið er markvisst með hreyfingu og vitund um nærumhverfi.	Halla	Sep t 2023	Maí 2024	Demantaaðferðin, hvað finnst börnunum, ljósmyndaskráningar og deildarfundir.	Að börnin auki hreyfifærni. Að börnin læri að fara eftir fyrir fram ákveðnum reglum í hreyfileikjum og hreyfistundum.
Sköpun	Flétta sköpun inn í starfið. Lubba-, Vinastundir og reglulegar stundir í Smiðju einu sinni í viku og flakki.	Að börnin fái útrás fyrir sköpun, notist við fjölbreyttan efnivið og fái tækifæri til að vinna með hugmyndir sínar og þróa þær.	Erna /Guðrún	Sep t 2023	Maí 2024	Ljósmyndaskráningar, skráning á samtölum við börnin.	Að börnin fái tækifæri til að meðhöndla mismunandi efnivið. Koma á framfæri áhuga og hugmyndum og vinna með skráningar. Að börnin finni að á þau sé hlustað.



3.6. Lundur

Leikskólaárið 2022 - 2023 voru 13 börn á Lundi, sex fædd árið 2019, sex fædd 2020 og eitt fætt árið 2021. Barnahópurinn var eldri en fyrri ár og kallaði það á breytt starf á deildinni. Barnahópurinn hafði gaman að útiveru og var reynt að nýta góða daga vel. Mikil áhersla var lögð á sjálfshjálp í fataherberginu sem gekk mjög vel. Einnig var lögð áhersla á að vinna í litlum hópum í nánd við kennara.

Í janúar 2023 urðu deildarstjóraskipti í Lundi. Þá var haldið áfram að vinna með litla hópa og að koma ró á barnahópinn. Dagsskipulag var sett upp fyrir starfsmenn deildarinnar sem gekk vel eftir.

Hópstarf fyrir hádegi varð að föstum lið í dagsskipulaginu og einnig var námsefnið



Lubbi finnum málbein tekið upp að nýju. Það gekk vel og urðu Lubbastundir í litlum hópum að vikulegum lið. Lubba lögin voru sungin í samveru 2-3x í viku og þótti barnahópnum það skemmtilegt. Áætlað er að bæta Lubba starfið enn frekar með því að gera starfið sjónrænna með myndum og hlutum tengdum Lubbatáknunum. Á deildinni voru börn á máltökualdri og börn að læra íslensku sem annað mál. Því var áhersla sett á að setja orð á alla hluti, tala mikið við börnin og hafa nóg af sjónrænu efni fyrir þau. Samverustundum

var fjölgað úr einni samveru á dag í þrjár og fannst börnunum gaman í samveru, bæði við söng og lestur. Reynt var að bæta gagnvirku samtali inn í samverustundirnar og má sjá miklar framfarir hjá börnum við að sitja og hlusta. Flakk byrjaði einnig að nýju og hefur gengið ágætlega. Það hefur verið mjög gaman að blanda starfsfólki og börnum á milli deilda. Misvel gekk að innleiða Verkfærakistuna og vináttuverkefnið Blæ en aðlaga þarf kennsluefnið og leikina að barnahópnum. Það er því áskorun næsta starfsárs að halda áfram og í þeim verkefnum og gera enn betur.

UMBÓTA- PÁTTUR/ MATSPÁT- TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef- st	Loki- ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að efla félags- og tilfinningaþroska barna með áherslu á vináttu í leik og samskiptum.	Í samverustundum er rætt um tilfinningar og vináttu. Umræður um félagsfærni með Blæ. Kennarar skapa leikumhverfi í frjálsum leik og leikjum upp úr Verkfærakistunni þar sem aðstæður stuðla að vináttu. Myndræn gögn um vináttu og tilfinningar.	Sandra	Sep t 202 3	Maí 202 4	Endurmat á deildarfundum. Skoðum samskipti milli kennara og hvers barns á deildinni. Skráningar: Viðtöl við börnin að hausti og vori. Sömu spurningar. Skráningar: myndir setningar ásamt atferli barnanna í starfi.	Að börnin þekki tilfinningarnar: glaður, reiður, leiður og hræddur. Öðlist færni til að sýna samkennd. Að kennarar séu virkir í samskiptum við börnin. Ræði við þau í leik og samveru. Sé meðvitaður um eigin samskipti við öll börn deildarinnar.



Útinám	<p>Að börnin kynnist nærumhverfi leikskólans.</p> <p>Að efla hreyfifærni og líkamsvitund.</p>	<p>Vikulegir göngutúrar í samfloti með eldri deildum.</p> <p>Skipulögð útivera sem kemur til móts við hreyfipörf barnanna.</p>	<p>Anna</p>	<p>Sep t 2023</p>	<p>Maí 2024</p>	<p>Með skráningu hvers hópstjóra og nætt á deildunum kennara.</p> <p>Demantaðferð með börnunum að hausti og vori.</p>	<p>Að börnin þekki sitt nærumhverfi og kynnist á milli deilda.</p> <p>Að börnin efli grófhreyfingar sínar .</p> <p>Eflist í að fylgja fyrirmælum utan leiksskólalóðarinnar.</p>
Sköpun	<p>Að börnin fáist við fjölbreytilegan efnivið og eiga val um ólíkar leiðir til að vinna úr hugmyndum sínum</p>	<p>Í hópastarfi er markviss vinna með fjölbreyttan efnivið. Unnið út frá hugmyndum barnanna.</p>	<p>Rakel / Helga</p>	<p>Sep t 2023</p>	<p>Maí 2024</p>	<p>Með skráningu og myndum safnað.</p> <p>Demantaðferð</p>	<p>Að börnin fái tækifæri til að kanna mismunandi leiðir til að læra og þróa hugmyndir sínar.</p>

3.7. Tjörn

Leikskólaárið 2022-2023 voru 18 börn á Tjörn, sjö fædd árið 2017, átta fædd árið 2018 og þrjú fædd árið 2019.

Starfið fór vel af stað um haustið með skipulögðu hópastarfi, samverustundum, frjálsum leik og útiveru. Börnin voru góðir vinir og mikil samheldni ríkti á milli þeirra.

Seinasta haust var farið í skipulagsbreytingar á Tjörn og Læk og urðu báðar deildirnar með sama aldur.



Þessar breytingar hafa gengið afskaplega vel og hefur samstarf á milli deilda aukist til muna.

Í síðustu starfsáætlun var ákveðið að nota demantaaðferð með börnunum á deildinni við endurmat. Demantaaðferðin reyndist okkur vel þar sem við fengum að sjá starfið út frá upplifun og skoðunum barnanna. Út frá því fékk starfsfólkið aðra sýn á starfið og hugmyndir til bóta.

Orðaheimar: Í febrúar mánuði árið 2023 hófst rannsóknarverkefnið Orðaheimur og líkur í júní mánuði sama árs. Orðaheimurinn (World of Words; Susan B. Neuman) er bandarískt málörvunarefni ætlað tví- og fjöltyndum leikskólabörnum á aldrinum 4-5 ára. Eingöngu börn fædd árið 2018 tóku þátt í þessari rannsókn og voru tveir kennarar sem báru



ábyrgð með þessu verkefni. Það voru 13 börn sem tóku þátt í þessu verkefni og fóru í ýmiss konar þema verkefni þar sem hvert þema stóð yfir í þrjár vikur.

Flakk: Flakkið var eitt af því sem tekið var inn aftur eftir Covid við upphaf skólaárs. Allar deildirnar tóku þátt í Flakkinu sem gerði það að verkum að börnin kynntust betur og fengu að njóta sín í hinum ýmsum verkefnum. Hlutverk kennarana var að passa upp á að verkefnin yrðu skemmtileg og að öll börnin tækju virkan þátt.

Útivera: Eitt af umbótarþáttunum fyrir þetta skólaár var útinám. Útinámið fól í sér að einn hópur frá Tjörn og einn hópur frá Læk fór einu sinni í viku í útinám þar sem unnið var með ákveðið þema. Sett var upp skráningarblað fyrir kennarar

þar sem kennarar gátu séð hvað var gert, hvað gekk vel og hvað ekki. Þessi umbótarþáttur mun vera áfram inn í starfsáætlun en þó með öðru sniði. Lögð verður áhersla á aukin samskipti við Lund. Hópar tvö af Tjörn og Læk munu fara í útiveru með hóp tvö af Lund.

Blær: Vináttuverkefnið Blær var eitt af umbótarþáttum fyrir seinasta skóla ár þar sem markmiðið var að efla félagsþroska hjá börnum. Það mun halda áfram að vera umbótarþáttur fyrir þetta skóla ár en þó með breyttu sniði. Þar verður fléttað saman Verkfærakistunni og Blæ með markmiði að efla börnin í samskiptum, félagsfærni og vináttu.

Lubbi: Að efla hljóðkerfisvitund barna var einn af umbótarþáttum síðasta skólaárs og var það gert með námsefninu „Lubbi finnur málbein“. Börnin fóru einu sinni á dag í Lubbastund þar sem þau lærðu um máhljóð vikunar. Þetta gekk mjög vel og er orðin fastur liður í leikskólastarfinu.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að börnin þekki sitt nær umhverfi og	Hver hópur fer í útinám 1x í viku. Hópur af eldri deild fer með hóp frá yngstu	Grado	Ágúst 2023	Maí 2024	Verður metið í jan 2024 og maí 2024 með umræðu með krökkunum	Að börnin þekki sitt nærumhverfi og kynnist á milli deilda.



	samskipti á milli deilda verði meiri.	deild í útikennslu.					
Sköpun	Að bæta aðstöðu til sköpunar.	Börnin munu safna efniviði úr náttúrinni sem verður nýttur til sköpunar	Kristín	Ágúst 2023	Mái 2024	Verður metið í maí 2024 Demantaaðferð með börnum og deildafundum með kennurum.	Að börnin efli í myndunarafl sitt og gefi hlutum nýtt líf
Félagsfærni	Að efla félags- og tilfinninga-þroska barna með áherslu á vináttu og í daglegu athæfi.	Samveru- stundir/ frjáls leikur Umræður um félagsfærni með tenginu við Blæ. Myndræn gögn um vináttu og tilfinningar. Dagleg samskipti með áherslu vinsemd. Skráning gerð sýnileg börnum og kennurum	Óliver	Ágúst 2024	Mái 2024	Verður metið jan 2024 og maí 2024 Demantaaðferð með börnum og deildafundum með kennurum	Að börnin eflist í samskiptum, félagsfærni og vináttu.



3.8. Lækur

Leikskólaárið 2022 - 2023 voru 17 börn í Læk, sjö börn fædd árið 2017, sjö börn fædd árið 2018 og þrjú börn fædd árið 2019.

Barnahópurinn var einstaklega samheldinn og mikil vinátta í hópnum. Haustið fór vel af stað og var áhersla lögð á frjálsa leikinn, útiveru, samverustundir og hópstarf.

Síðastliðið haust var ákveðið að breyta skipulagi á Læk og Tjörn og er nú sami aldur á báðum deildum. Þessar breytingar hafa gengið vel og er samstarf milli deilda mun meira en áður.

Verkfærakistan: Síðan í maí 2022 hafa kennarar setið námskeið á vegum KVAN. Námskeiðið felur í sér að efla félags- og tilfinningaþroska barna með áherslu á

vináttu. Ýmis námsgöng frá þeim nýttust í starfi skólans og strax í janúar var ákveðið að prufukeyra efnið tíu vikur. Það gekk með þrjú og verður gert aftur á næsta skólaári.

Flakk: Flakk hófst aftur á þessu skólaári eftir covid og völdu börn og kennarar sér mismunandi svæði þvert á deildir skólans. Þar kynnst börnin betur á milli deilda og þau njóta sín í fjölbreyttu og skemmtilegu starfi.



Málörvun: Orðaspjallsaðferðin hefur ekki náð góðri festu í starfinu. Næsta skólaár munum við vinna með Orðaspjallið samhliða „Lubbi finnur málbein“ stundunum sem eru komnir daglega inn í starfið okkar.

Orðaheimar: Orðaheimaverkefnið er rannsóknarverkefni á vegum Háskóla Íslands sem hófst í febrúar 2023 og endaði í júní sama ár. Þau börn sem tóku þátt í verkefninu eru fædd árið 2018. Það eru 13 börn sem eru skráð og fara í ákveðinn þema verkefni á þriggja vikna fresti. Rannsóknin felst í að lesa ákveðnar bækur fyrir börn og vinna verkefni með og án spurninga og leikfanga. Það voru ákveðnir flokkar teknir fyrir í orðaforðavinnunni: mannlíkaminn, húsdýr, villt dýr, sjávarlífverur, plöntur, heilsa/næring og hreyfing. Verkefnið er unnið að bandarískri fyrirmynd. Það verkefni hefur verið rannsakað og hefur sýnt árangur í að auka málproska barna.



Útinám: Hver hópur fór í útinám 1x í viku með hóp af Tjörn. Haldið er utan um stundirnar með skráningu, þar sem hægt er að fylgjast með ferlinu og bæta það sem þarf. Útinám komandi skólaárs verður með áherslu á samskipti milli deilda, þ.e.a.s. hópar tvö af Læk og Tjörn fara í útiveru með hóp frá á Lundi (yngstu deild). Þetta er gert til að auka samstarf á milli deilda og að börn og kennarar kynnist betur.

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrg ð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að börnin þekki sitt nærumhverfi og samskipti á milli deilda verði meira.	Hver hópur fer í útinám 1x í viku. Hópur af eldri deild fer með hóp frá yngstu deild í útikennslu. Búið verður til skipulag um hver fer með hvaða hóp.		Sept 2023	Mái 2024	Verður metið í maí 2024 Demantaaðferð með börnum og deildafundum með kennurum.	Að börnin þekki sitt nærumhverfi og kynnist á milli deilda.
Sköpun	Að nemendur fái við fjölbreytilegan efnivið og eiga val um ólíkar leiðir til að vinna úr hugmyndum sínum.	Börnin fá tíma vikulega í sköpun þar sem þau vinna að hugmyndum sínum.		Sept 2023	Mái 2024	Verður metið í maí 2024 Demantaaðferð með börnum og deildafundum með kennurum	Að nemendur fari margar leiðir til að læra og þróa hugmyndir sínar.
Félagsfærni	Að efla félags- og tilfinningaþroska barna með áherslu á vináttu og í daglegu athæfi. Hver þema verður í tvær vikur í senn.	Samveru- stundir/ frjáls leikur/leikir úr verkfærakistunni Umræður um félagsfærni með tenginu við Blæ. Myndræn gögn um vináttu og tilfinningar. Dagleg samskipti með áherslu vinsemd. Skráning gerð sýnileg börnum og kennurum		Sept 2023	Mái 2024	Verður metið jan 2024 og maí 2024 Metið verður með reglulegum deildafundum	Að börnin eflist í samskiptum, félagsfærni og vináttu.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennsla var skipulögð út frá þörfum hvers og eins þar sem stuðst var við einstaklingsáætlanir og þjálfunarlista. Áhersla var lögð á að öll börn væru þátttakendur í starfi deildarinnar samhliða einstaklingsmiðaðri þjálfun. Markviss málörvun í kjölfar niðurstaðna HLJÓM-2 fór að mestu fram í hóppjálfun. Þar voru framfarir metnar og skráðar reglulega yfir skólaárið.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>AEPS, EFI-2, HLJÓM-2, TRAS, Íslenski þroskalistinn, Smábarnalisti, Orðaskil o.fl.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Lubbi finnur málbein, Markviss málörvun, Ljáðu mér eyra, Orðagull, spil frá ABC o.fl.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Áby rgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/að ferðir?	Viðmið um árangur
Lausnateymi	Að efla snemmtæka íhlutun og kortleggja nám, hegðun, þroska og líðan barna sem þurfa á aukinni aðstoð að halda fyrir en áður.	Í lausnateymi sitja deildarstjórar og sérkennslustjóri. Teymið vinnur saman að lausnum sem verður	Sérkennslustjóri	September	Maí	Metið með samtali og úrlausnum sem finnast á fundum.	Aukin aðstoð við börn sem þurfa markvis sara nám og aukið sjálfstr aust starfsm



	Lausnateymi hittist 1x í mánuði	barninu, fjölskyldu þess og öðru starfsfólki til stuðnings.					anna í aðstæðum sem geta reynst krefjandi
Virkt sérkennsluteymi	Að teymisvinna verði virkari. Stuðningsaðilar veiti hver öðrum stuðning og fræðslu. Upplýsingaflæði milli stuðningsaðila verði betra. Fundir 1x í mánuði	Sérkennsluteymi taki sér tíma til að ræða saman og miðla þekkingu.	Sérkennslustjóri	Septemember	Mái	Samtal á fundum. Regluleg ígrundun á starfi sérkennsluteymis	Bætt yfirsýn með sérkennslu og nánara samstarf milli stuðningsaðila.

5 Innra mat - fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í launakostnað.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Markvisst er unnið að eflingu orðaforða með því að setja orð á alla hluti og athafnir. Hvert tækifæri er nýtt til þess að spjalla og efla málproskann. Gefðu 10 hefur verið notað til að beina kastljósinu að þeim börnum sem þótt hafa staðið höllum fæti, það er gert til þess að þau fái meiri og skilvirkari athygli en þau fengju ella sem hluti af stærri hópi, þar fá þau aukna málörvun og hvatningu frá kennurum.



<p>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</p>	<p>Á hverjum degi er lesið fyrir börn á öllum deildum eða þeim sagðar sögur, einnig eru skipulagðar söngstundir þar sem þeim eru kennd lög, vísur og þulur. Þau eru hvött til að tjá sig sem allra mest og kennarar nýta hvert tækifæri til að spjalla við þau og auðga og dýpka orðaforða þeirra. Börnin eru spurð opinna spurninga og þeim gefið tækifæri á að spjalla og leika sér með málið. Orðaspjall hefur verið notað í leikskólunum og hefur það fest sig í sessi. Námsefnið Lubbi finnur málbein er sömuleiðis notað og í Lubbastundum fer fram mikil málörvun auk þess sem verið er að vinna með máhljóðin.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Viðurkenndar skimanir á borð við EFI-2, Tras og HLJÓM-2 eru gerðar á öllum börnum. Hæfniramar fyrir fjöltyngd börn eru í notkun og er merkt inn í þá á þriggja mánaða fresti til að hægt sé að fylgjast með framförum hjá börnunum. Gerðar hafa verið einstaklingsáætlanir fyrir fáein fjöltyngd börn í leikskólunum, ekki öll.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Já, við teljum að svo sé, það er mikil áhersla á eflingu alhliða málþroska allra barna og þessum þætti vel sinnt í leikskólastarfinu.</p>



Umbótaáætlun fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Foreldra samstarf	Að nýta þann auð sem býr í farsælu samstarfi við foreldra.	Að leita til foreldra varðandi heimamenningu allra barna, ef foreldrar vilja kynna eitthvað eða t.d. kenna okkur lög frá sínu heimalandi.	Deildarstjórnar og verkefnastjóri fjölmenningar.	Hau st 2023	Vor 2024	Pátttakan skráð og metið hvaða ávinningur hefur orðið af þessu fyrir börn, kennara og foreldra. Gert í jan. og maí 2024.	Að aukin tengsl heimila og skóla séu merkjanleg.
UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Heimamál barna	Að öll börn séu stolt af sínu heimamáli.	Aukin áhersla á að börn verði meðvitaðri um þá auðlegð sem felst í að kunna tungumál og hvetja þau til að kenna öðrum orð, setningar, lög á hinum ýmsu tungumálum.	Deildarstjórnar og verkefnastjóri fjölmenningar.	Hau st 2023	Vor 2024	Skóðað hvort fjöltyngdu börnin hafi komið sínum heimamálum á framfæri að einhverju leyti í leikskólanum og séu stolt af þeim. Gert í jan. og maí 2024.	Allir hafi lært einhver orð, setninga, lög á þeim tungumálum sem töluð eru í leikskólanum
UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur



Málörvun	Að efla íslenskukun náttu barnanna.	Skipulagðar málörvunars tundir á öllum deildum í litlum hópum.	Deildarstjórar og verkefna stjórnari fjölmennir.	Hau st 2023	Vor 2024	Nýta hæfnirama til að fylgjast með framförum.	Að börnunum hafi farið fram í íslensku.
----------	-------------------------------------	--	--	-------------	----------	---	---



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Þar sem ekki hefur alltaf tekist að ná samtali við alla starfsmenn á tilteknum tíma þá var að þessu sinni lagt upp með að dreifa samtölunum á lengri tíma. Þegar þetta er ritað hefur um það bil helmingur starfsmanna sest niður og átt samtál með leikskólastjóra, þeir sem ekki hafa þegar komið koma á haustönninni. Að þessu sinni höfum við t.d. rætt eftirfarandi: líðan í vinnunni, hlutverk, ábyrgð og áhuga og hvernig gengur að framfylgja settum markmiðum í starfsáætlun. Hvað er það sem hefur gengið vel, hvað þarf að ganga betur og annað sem starfsmenn vilja ræða.

Símenntun frá síðasta ári:

- Verkfærakista leikskólakennara KVAN
- Menntafléttan: Talaðu við mig; Gæðamálörvun í leikskóla
- Menntafléttan: Stærðfræðin í umhverfi leikskólabarna
- Menntafléttan: Vísindasmiðjur fyrir yngstu börnin í leikskólanum
- Morgunverðarfundir hjá Rannung
- Forystunám Reykjavíkurborgar
- Fræðsla og umræður á skipulagsdögum/jafningjafræðsla
- Farsældarskólinn, fræðsla fyrir kennara um sálfélagslegan stuðning við börn á flóttu
- Sérkennslustjórafundir
- AEPS
- Íslenski þroskalistinn
- Stjórnendadagur Reykjavíkurborgar
- Fundir með tengiliðum fjölmenningar
- Þróunarstarf í menntastofnunum
- Starfstengd leiðsögn - leiðsagnarhlutverkið
- Leiðsögn og samvinna
- Lestur fræðibóka og greina
- Lærdómssamfélag sérkennslustjóra
- Meistaránám í leikskólakennarafræðum við HÍ
- Grunnám í leikskólakennarafræðum við HÍ
- Námsferð kennara til Stokkhólms, 2 leikskólar heimsóttir og KREMIMA Remida fyrirlestur og vinnustofa



Reynt er eftir fremsta megni að gefa starfsmönnum tækifæri til að sækja áhugaverð námskeið sem í boði eru á starfsárinu ef þau eru starfinu til heilla. Mikilvægt er að gefa starfsmönnum tækifæri til að sækja fyrirlestra, ráðstefnur og málþing er varða leikskólastarfið. Símenntun leikskólans tekur mið af stefnu leikskólans, skólanámskrá leikskólans, Aðalnámskrá leikskóla, starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs og nýrri Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Fræðsla, mat og umræður fara að mestu fram á skipulagsdögum leikskólans.



7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áætlun um samstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi 2023 - 2024:

- Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun september.
- September: Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár. Þeir fara yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári.
- Október: Gamli leikskólanemendur koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum.



- Nóvember: Heimsóknir elstu barnanna í grunnskólana í litlum hópum.
- Nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla koma og lesa fyrir allar deildir á Degi íslenskrar tungu.
- Febrúar: Elstu börnin fara í heimsókn tvö í grunnskólana.
- Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2024-2025.
- Maí: Elstu börnin fara í heimsókn þrjú í grunnskólana.
- Júní: Leikskólinn skilar gögnum varðandi börnin til grunnskólanna.



8 Foreldrasamvinna

- Samkvæmt 9. gr. laga um leikskóla skulu foreldrar gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samstarf við starfsfólk leikskóla, fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta heimila og skóla.
- Boðið er upp á valfrjáls foreldraviðtöl í nóvember 2023
- Foreldraviðtöl verða fyrir alla foreldra í febrúar/mars 2024 og í maí/júní fyrir foreldra barna sem hefja grunnskólagöngu að hausti.
- Við minnum einnig á að foreldrar geta alltaf fengið viðtal ef þess er óskað.
- Kynningarfundur fyrir foreldra barna sem byrja í leikskólunum sumar/haust 2024 verður haldinn í maí/júní 2024 og/eða foreldrar verða boðaðir í viðtal eftir því sem við á.
- Allir nýir foreldrar eru boðaðir í viðtal áður en aðlögun hefst.




Foreldraráð

Í foreldraráði sitja þrír foreldrar auk leikskólastjóra. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008)

Á starfsárinu 2023- 2024 verður athugað hvort eitt foreldraráð megi starfa fyrir báða skólanna.

Foreldrafélag

Starfandi eru foreldrafélög í Seljakoti og Seljaborg. Foreldrafélögin standa fyrir ýmsum upppákomum bæði utan og innan leikskólatíma og hefur borið kostnað af ýmsu sem við myndum annars ekki gera, eins og t.d. leiksýningar. Ferðir utan leikskólatímans eru skemmtileg viðbót við leikskólastarfið og gefur fjölskyldum leikskólabarnanna tilefni til að kynnst og skemmta sér saman.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Föstudagur 22. september, skipulagsdagur
- Föstudagur 24. nóvember, skipulagsdagur, allir skólar í Seljahverfi
- Mánudagur 15. janúar, skipulagsdagur
- Mánudagur 11. mars, skipulagsdagur, allir skólar í Seljahverfi
- Föstudagur 19. apríl, skipulagsdagur
- Föstudagur 17. maí, Menntastefnumót, allir skólar í Seljahverfi

Við fáum sex daga á ári til að skipuleggja leikskólastarfið og til að stunda símenntun. Þessir dagar koma fram í starfsáætlun leikskólans og eru auglýstir með góðum fyrirvara. Að þessu sinni eru þrír dagar á starfsárinu samræmdir, þ.e. allir leik- og grunnskólar í Seljahverfi eru með skipulagsdaga 24. nóvember, 11. mars og 17. maí.



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal - Skóladagatal

10.2 Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs

F. h. Seljakots og Seljaborgar

Sigríður Kristín Jónsdóttir

10. október 2023

Leikskólastjóri

Dagsetning

Starfsáætlun 2023 - 2024

Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs



Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs.



- Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.



- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





**Umsögn foreldraráðs
skólaárið 2023 – 2024**

Seljaborg og Seljakot

Foreldraráð leikskólanna skipa:

Arnar Gauti Sverrisson

Ásdís Gunnarsdóttir

Heiðrún Grétarsdóttir

María Huld Ingólfssdóttir

Sólveig Steinunn Pálsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tækni breytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs.

Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem

tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.

- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.

- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og

þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.

- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.

- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.

- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.

- Starfsþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.

- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.

- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda,

starfsfólks leikskóla, viðtöku skóla og foreldra.

- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.

- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.

- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og

starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs

Þar sem ekki er búið að sameina leikskólana tvo, þó áform séu um það, gefa foreldraráð beggja skóla sameiginlega umsögn um starfsáætlun vetrarins. Foreldraráðin taka undir orð leikskólastjóra að mikil þörf er á sameiningu leikskólanna og vonast til að ákvörðun verði tekin sem fyrst til að einfalda störf stjórnenda og bæta aðstöðu barna í Seljaborg.

Við fögnum áherslu og ríkri umræðu um starfsþróun í leikskólunum, samanber námsferð til Stokkhólms og langan lista símenntunar. Ánægjulegt er að sjá innleiðingu á *Verkfærakistu* sem unnið hefur verið að á síðustu starfsárum. Gefandi er að lesa yfir göfug markmið deilda um lýðræði í starfi, náttúrutengingar, að auka bókaáhuga, virða mörk og fleira og enn betra er að sjá á eigin skinni að leikskólastarfið skilar sér heim.

Mikið kapp er lagt á málörvun í báðum leikskólum og Lubbastundir eru að verða fastur liður á öllum deildum. Virkilega gaman að sjá að árangurinn komi fram í Hljóm2 athugunum elstu barnanna.

Í gegnum áætlunina er greinilegt að stjórnendur ná að nýta reynslu í öðru húsinu og yfirfæra á hitt húsið á báða bóga og mikill samhljómur er í umbótatöflum beggja skóla.

Í *Ytra mati* er fjallað um viðhorfskönnun bæði foreldra og starfsmanna. Foreldraráð fagnar jákvæðum niðurstöðum en veltir á sama tíma fyrir sér hvers vegna starfsfólk Seljaborgar fengu ekki tækifæri til að svara viðhorfskönnun.

Líkt og síðasta ár vill foreldraráð benda á nokkur atriði sem það telur að geti styrkt starf leikskólanna og jákvæða upplifun barna og foreldra:

- *Stjórnendur leikskólans beiti sér fyrir því að stofnað verði foreldrafélag til að efla samstarf foreldra og leikskólans á Seljaborg.*
- *Bæta má upplýsingagjöf varðandi aldursskiptinguna, nú eru elstu börnin ekki öll saman á einni deild eins og verið hefur á Seljakoti. Foreldrar eru illa upplýstir um ákvörðunina og framhaldið.*
- *Að Vala sé nýtt enn betur sérstaklega á yngstu deildunum varðandi t.d. matseðil og svefn, eins þegar viðburðir eru framundan eins og litaðir dagar, leikhúsferðir eða annað brot á hefðbundinni dagskrá væri gott að sjá það inn á viðburðum í Völu.*
- *Að lokum furðar foreldraráð sig á því að nú sé fjórða starfsár að hefjast með sameiginlegri stjórnun en ekki sé búið að ljúka þeirri vinnu.*
 - *Foreldraráð óskar eftir samtali, við fyrsta tækifæri, milli Reykjavíkurborgar og foreldra hvað varðar framtíðarsýn leikskólanna Seljaborgar og Seljakots.*

Fyrir hönd foreldraráðsins,

Arnar Gauti Sverrisson

Ásdís Gunnarsdóttir

Heiðrún Grétarsdóttir

María Huld Ingólfssdóttir

Sólveig Steinunn Pálsdóttir